

2024-2025

JEMEN

Starfsáætlun



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

Arnór Gauti Jónsson





Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	2
Opnunartímar Jemen.....	3
Starfsfólk Jemen	3
Fjöldatölur 2023-2024	3
Félagsmiðstöðvadaatal 2024 – 2025	4
Starfið í vetur	5
Áherslur í starfi	5
Valáfangar	5
Samstarf við skólann	6
Viðburðir í vetur.....	6
Kvöldopnanir.....	7
Jemen Junior	7
Sameiginlegir viðburðir Félkó.....	7
Viðburðir í samvinnu við skóla	8
Viðburðir í samvinnu við Samfés.....	8
Sumaropnun félagsmiðstöðva	8
Hópa- & klúbbastarf	6
Klúbbastarf.....	6
Sértækt hópastarf	7
Félkó miðstöðin	7
Dungens & Dragons klúbbur	7
Hinsegin félagsmiðstöð	7
Velkomin	7
Unglingaráð.....	8
Jemenráð.....	8
Félkóraráð	8



Ungmennaráð Kópavogs	8
Ungmennaráð Samfés	9
Samstarf við foreldra	9
Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir	9
Verkferlahandbók frístundadeildar	9
Neyðaráætlun	9
Móttaka nýrra starfsmanna	9
Öryggisgátlisti	9
Gátlistar í sértæku hópastarfi	9
Handbók um starfið	9
Rýmingaráætlun	9
Innra mat.....	10
Símenntunaráætlun 2023-2024	11

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Jemen er fyrir börn og unglinga í 5-10.bekk og er staðsett í Lindaskóla, Núpalind 7. Jemen er með með skrifstofu og aðstöðu fyrir unglingana inn af matsal skólans en á síðdegis- & kvöldopnunum höfum við einnig aðgang að miðrými, matsal og afnot af kennslustofum í samráði við kennara og skólastjórnendur þegar þurfa þykir. Fjöldi skráðra barna í 5-7.bekk eru 127 nemendur og í 8-10.bekk eru 145 nemendur, samtals eru því 272 nemendur í 5.-10.bekk í Lindaskóla. Forstöðukona



Jemen er Laufey Sif Ingólfssdóttir en hún er í fæðingarorlofi. Starfandi forstöðumaður Jemen í hennar fjarveru er Arnór Gauti Jónsson. Síminn í Jemen er 696-1625 og netfang starfandi forstöðumanns er arnorgauti@kopavogur.is.

Opnunartímar Jemen

Hefðbundin opnunartími er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 - 18:30 og 19:30 - 22:00 og annan hvern föstudag frá kl. 19:30-23:00. Einnig er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir fyrir utan hefðbundinn opnunartíma í félagsmiðstöðinni á viðverutíma starfsfólks. Á mánudögum klukkan 17:00-18:30 fer fram sértækt hópastarf og klúbbastarf fyrir 8.-10. bekk og svo opnun samkvæmt dagskrá frá 19:30-22:00. Á miðvikudögum er opið fyrir 5.-7. bekk frá kl. 17:00-18:30 4 miðvikudaga í mánuði. Svo er opnun samkvæmt dagskrá frá 19:30-22:00 fyrir 8.-10. bekk. Einnig er opið annan hvern föstudag frá kl. 19:30-23:00. Mánudaga til fimmtudaga er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir. Opnanir geta raskast vegna funda og fræðslu starfsfólks þar sem starfsfólk sækir fræðslu 17-18:30 1. Mánudag í mánuði og starfsmannafundur er 17-18:30 síðasta mánudag í mánuði.

Starfsfólk Jemen

Laufey Sif Ingólfssdóttir - Forstöðukona – 100% í fæðingarorlofi

Arnór Gauti Jónsson – Starfandi forstöðumaður – 100%

Eva Rós Eyjólfssdóttir – Aðstoðar forstöðukona - tímabundið – 67%

Hildur Jóhanna Kristjánsdóttir – Frístundaleiðbeinandi 50%

Viktor Árni Veigarsson– Frístundaleiðbeinandi – 39%

Fjöldatölur 2023-2024

Ágúst 2023 – **209**

September 2023 – **1104**

Október 2023 – **1123**

Nóvember 2023 – **1057**

Desember 2023 – **701**

Janúar 2024 – **872**

Febrúar 2024 – **796**

Mars 2024 – **783**

Apríl 2024 – **843**

Maí 2024 – **726**

Júní 2024 – **395**

Júlí 2024 – **146**



Félagsmiðstöðvafélagatal 2024 – 2025

Samband Íslenskra
sveitarfélaga

Félagsmiðstöðvafélagatal 2024 - 2025

Nafn skóla:

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 S	1 Þ Forstundur	1 F Rafþottemti Samfélak	1 S Þáttvefðagurinn	1 M Miðvísingur	1 L	1 L Skólaheiti / Söb	1 Þ Forstundur	1 F Verkefndagurinn	1 S Sjónmálagurinn
2 F	2 M	2 M	2 L Rafþottemti Samfélak	2 M	2 F	2 S	2 S Skólaheiti	2 M Sveið á skólagarri Samfélak	2 F Samfélak	2 M
3 L	3 Þ Forstundur - öf (Svei)	3 F	3 S Rafþottemti Samfélak	3 Þ Forstundur - öf	3 F	3 M	3 M Miðvísingur	3 F	3 L Samfélak skólagarinn	3 Þ
4 S	4 M	4 F Landeðmi Samfélak	4 M	4 M	4 L	4 Þ Forstundur	4 Þ Skólagarinn / Forstundur	4 F	4 S	4 M
5 M	5 Þ Forstundur vinnuáttanna	5 F	5 L Landeðmi Samfélak	5 Þ Forstundur - öf	5 S	5 S	5 M Skólagarinn	5 L	5 M	5 F
6 Þ	6 F	6 S Landeðmi Samfélak	6 M	6 F Opnun	6 M Hvítvísingur	6 F	6 F	6 S	6 Þ Forstundur - öf	6 F Skólaheiti
7 M	7 L	7 M Skólagarinn / Skólagarinn / Forstundurinn	7 F	7 L	7 Þ Forstundur	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L
8 F	8 S Skólagarinn	8 Þ Forstundur - öf	8 F Skólagarinn	8 S	8 M	8 L Hvítvísingur	8 L	8 Þ Forstundur - öf	8 F	8 S Hvítvísingur
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M Hvítvísingur Samfélak	9 F Opnun/Samfélak	9 M Hvítvísingur
10 L	10 Þ Forstundur - öf	10 F	10 S	10 Þ Forstundur	10 F	10 M	10 M	10 F Hvítvísingur	10 L Samfélak skólagarinn	10 Þ
11 S	11 M Skólagarinn Samfélak	11 F Opnun	11 M	11 M	11 L	11 Þ Forstundur - öf	11 Þ Forstundur - öf	11 F Opnun	11 S	11 M
12 M	12 F Skólagarinn Samfélak	12 L	12 Þ Forstundur	12 F	12 S	12 M	12 M Skólagarinn / Skólagarinn	12 L	12 M Skólaheiti	12 F
13 Þ	13 F Opnun	13 S	13 M Skólagarinn / Skólagarinn	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S Hvítvísingur	13 Þ Forstundur	13 F
14 M	14 L	14 M Hvítvísingur skólagarinn	14 F	14 L	14 Þ Forstundur - öf	14 F Opnun/Samfélak Samfélak	14 F Opnun/Samfélak Samfélak	14 M Hvítvísingur heiti / Skólagarinn	14 M Skólaheiti	14 L
15 F	15 S	15 Þ Forstundur	15 F	15 S	15 M	15 L Hvítvísingur Samfélak	15 L Hvítvísingur Samfélak	15 Þ	15 F	15 S
16 F	16 M Skólagarinn Hvítvísingur	16 M	16 L Skólagarinn Hvítvísingur	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F Skólagarinn / Skólagarinn	16 M
17 L	17 Þ Forstundur	17 F	17 S	17 Þ Forstundur - öf	17 F Skólagarinn	17 M	17 M	17 F Skólagarinn	17 L	17 Þ Hvítvísingurinn
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ Forstundur	18 Þ Forstundur	18 F Hvítvísingurinn Hvítvísingur	18 S	18 M
19 M	19 F	19 L	19 Þ Forstundur - öf	19 F	19 S	19 M	19 M Skólagarinn Hvítvísingur	19 L	19 M	19 F
20 Þ	20 F	20 S	20 M Hvítvísingurinn	20 F Opnun	20 M	20 F	20 S Hvítvísingur	20 S Hvítvísingur	20 Þ Hvítvísingur Hvítvísingurinn	20 F
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ Forstundur	21 F	21 F	21 M Hvítvísingur / Hvítvísingur	21 M Hvítvísingur Hvítvísingurinn	21 L
22 F	22 S	22 Þ Forstundur - öf	22 F Opnun/Hvítvísingur	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ Forstundur - öf	22 F	22 S
23 F	23 M	23 M	23 L	23 L	23 F Hvítvísingurinn	23 F	23 S Hvítvísingurinn	23 M	23 F Hvítvísingurinn	23 M
24 L	24 Þ Forstundur - öf	24 F Hvítvísingur	24 S	24 Þ Hvítvísingurinn	24 F Hvítvísingurinn	24 M	24 M	24 F Hvítvísingurinn Hvítvísingurinn	24 L	24 Þ
25 S	25 M	25 F Opnun/Hvítvísingur	25 M	25 L Hvítvísingurinn	25 L	25 Þ Hvítvísingur / Hvítvísingur	25 Þ Forstundur - öf	25 F Opnun	25 S	25 M Hvítvísingur
26 M	26 F Hvítvísingur Hvítvísingurinn	26 L Hvítvísingur Hvítvísingurinn	26 Þ Forstundur	26 F Hvítvísingurinn	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F Hvítvísingur
27 Þ	27 F Hvítvísingur	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ Forstundur	27 F
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ Forstundur - öf	28 F Opnun/Hvítvísingur	28 F Opnun	28 M Hvítvísingur Hvítvísingurinn	28 M	28 L
29 F	29 S	29 Þ Forstundur	29 F	29 S	29 M		29 L	29 Þ Forstundur	29 F Hvítvísingurinn	29 S
30 F	30 M	30 M	30 L Hvítvísingurinn	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F	30 M
31 L		31 F		31 Þ Hvítvísingurinn	31 F Opnun/Hvítvísingurinn		31 M		31 L	

Á félagsmiðstöðvafélagatalinu má finna helstu dagsetningar yfir árið á fræðslu, fundum og sameiginlegum viðburðum. Mikil samvinna er á meðal félagsmiðstöðva í Kópavogi. Forstöðumenn félagsmiðstöðvanna funda vikulega ásamt deildar- og verkefnastjóra frístundadeildar. Á þeim fundum eru forstöðumenn upplýstir um einstaka mál, mál rædd og lagt fram hugmyndir fyrir starfið. Ásamt því að forstöðumenn og konur geta speglað sig í hvort öðru.



Starfið í vetur

Allir unglingar í 8-10.bekk úr Lindaskóla eru velkomin á opnanir í Jemen sem og aðrir sem eiga leið hjá eða vilja kíkja í heimsókn. Flest allir viðburðir félagsmiðstöðvarinnar eru opnir öllum en þó eru einstaka viðburðir sem krefjast skráningar líkt og andvökunótt eða ferðir en eru þó allir hvattir til þess að mæta og taka virkan þátt í því starfi sem er í boði hverju sinni.

Sérstakar opnanir verða fyrir 5-7.bekk í Jemen á miðvikudögum, fjóra miðvikudaga í mánuði. Dagskrá miðstigs mun vera á þann hátt að opnanir munu skiptast á þrjá vegu: fyrir 5.-6. Bekk, 7. bekk og svo fyrir allt miðstig. Áætlað er að önnur hver opnun sé fyrir 5.-6.bekk og opnanir á móti fyrir 7.bekk. Opnanir fyrir allt miðstig verða svo þegar stefnt er að stærri viðburðum eins og Hrekkjavökuopnun eða Jólaballi.

Á mánudögum Reglulega yfir starfsárið fær starfsfólk frístundadeildar fræðslur er varða málefni sem tengjast starfinu á einn eða annan hátt. Starfsmannafundir eru í Jemen síðasta mánudag í hverjum mánuði en þar fer meðal annars fram dagskrárgerð fyrir komandi mánuð sem unnin er útfrá hugmyndum unglinganna. Einnig er farið yfir mál sem upp hafa komið yfir mánuðinn sem sérstaka áherslu þarf að leggja á, hvort sem það snúi að starfsfólki eða ungmennum.

Áherslur í starfi

Þetta starfsár líkt og önnur þar á undan ætlum við í Jemen að leggja mest upp úr því að búa til öruggt umhverfi fyrir öll þau ungmenni sem sækja Jemen. Mikið hefur verið um gesti í byrjun skólaárs og hafa fjölbreyttir hópar verið að stinga nefinu inn til okkar, við viljum leggja upp með að öll séu velkomin til okkar. Það hefur borið á því í unglingahópnum að margir vita ekki hvar mörk einstaklinga liggja og þess vegna verður sérstök áhersla lögð á fræðslur og samtál um mörk. Við í Jemen höldum einnig áfram að fagna fjölbreytileikanum og liður í því að búa til öruggt umhverfi er að stuðla að því að öll þau ungmenni sem sækja Jemen fái frelsi til þess að vera eins og þeim líður best. Líkt og áður ætlum við að bjóða upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá.

Valáfangar

Jemen sér um tvo valáfanga á þessu skólaári. Annars vegar Jemen-val þar sem markmið er að virkja einstaklinga inn í starf félagsmiðstöðvarinnar og vera með fræðslur um fjölbreytt viðfangsefni er koma að t.d. samskiptum, kynlífi, vímuefna- og áfengisneyslu og fleiru. Hins vegar er Jemen með Ofurhetju-val þar sem sértækur hópur drengja fær stuðning og hvatningu til þess að opna sig og ræða sín áhugamál og styrkja sínar tengingar. Ofurhetjur verða notaðar til að opna á samræður á margskonar hátt t.d. spjall um þætti, bíómyndir og fleira. Í spjalli verður spurningum varpað fram um staðalímyndir og hlutverk og umræða tekin í framhaldi.



Samstarf við skólann

Mikil og góð samskipti eru á milli Jemen og skóla þar sem starfandi forstöðumaður er í samskiptum við deildarstjóra unglingastigs. Báðir aðilar hafa verið duglegir að upplýsa hvorn annan um mikilvæg málefni er varða starfið og börnin. Auglýsingar og upplýsingar um starf Jemen er til sýnis á upplýsingaskjá skólans þar sem opnunartími, mánaðar- og vikudagskrá koma einnig fram.

Um þessar mundir eru skólinn, félagsmiðstöð og frístund í innleiðingarferli UNICEF fyrir réttindavottun og er sú vinna að klárast og mun vottun vonandi fást fljótlega.

Viðburðir í vetur

Viðburðir vetrarins eru fjölbreyttir líkt og þeir eru margir. Dæmi um viðburði eru hjartsláttur, borðtennismót, trúnókvöld, ísrölt, laser tag, kökukeppni, skopp o.fl.

Hér má sjá dagskrá sem var gefin út fyrir október.

	MÁN	ÞRI	MIÐ	FIM	FÖS
		1. 09:30-15:30 Opið	2. 17:00-18:30 Perl og popp 19:30-22:00 Ískvöld í Jemen	3. 09:30 - 13:30 Opið	4. LOKAÐ
7.	17:00-18:30 Matar Klúbbur 19:30-22:00 Ávaxtasnakk	8. 09:30-15:30 Opið	9. 17:00-18:30 Núðlur og nöldur 19:30-22:00 Kökukeppni	10. 09:30 - 13:30 Opið	11. LOKAÐ
14.	17:00-18:30 Lokað 19:30-22:00 Ísferð í Brynju	15. 09:30-15:30 Opið	16. 17:00-18:30 Perl og popp 19:30-22:00 Vöflur og Varúlfur	17. 09:30 -13:30 Opið	18. 19:30 - 22:45 FELUÆLTINGAR - LEIÐUR í myrkrinu
21.	17:00-18:30 Matar Klúbbur 19:30-22:00 Skartgripagerð	22. 09:30-15:30 Opið	23. 17:00-18:30 Núðlur og nöldur 19:30-22:00 Brjóstsykurgerð	24. 09:30 -13:30 Opið	25. 19:30 - 22:45 HREKKAJAVÖÐU BÍÐ KVÖLD
28.	17:00-18:30 Kako og kozy 19:30-22:00 Spicy challenge	29. 09:30-15:30 Opið	30. 17:00-18:30 Perl og popp 19:30-22:00 Graskerskeppni	31. 09:30 -13:30 Opið	



Kvöldopnanir


Dagskrá Jemen á kvöldin er mjög fjölbreytileg og er hún unnin í samstarfi við Jemenráð og starfsfólk Jemen. Dagskráin er send út á Instagramsíðu Jemen. Einnig er dagskráin sett upp inni á Abler þar sem hægt er að fá nánari upplýsingar fyrir hverja opnun.

Jemen Junior

Miðstigsstarfið er kallað Jemen Junior og eru allir úr 5-7.bekk velkomnir. Síðustu ár höfum við reynt að halda miðstigsstarfinu opnu vikulega. Í september fór miðstigsstarfið í Jemen á fulla ferð og munum við hafa opið 4 daga í mánuði þetta starfsárið. Á dagskrá er verið að gera ýmislegt skemmtilegt, t.d. skotboltakeppni, útileikir, Tie Dye bolamálun, Kökukeppni og fleira sé nefnt. Einnig verður boðið upp á smiðjur reglulega þar sem fjöldatakmörkun verður. Í smiðjustarfinu er krafist skráningar. Dagskráin er send út í gegnum Mentor í hverjum mánuði.

Sameiginlegir viðburðir Félkó

Félagsmiðstöðvar Kópavogsbæjar vinna mikið saman undir nafninu Félkó. Margir fastir sameiginlegir viðburðir eru árlega eins og t.d. Íþróttavikan, spurningakeppnin Getkó, nýársball, sköpunardagurinn, forvarnavikan, söngkeppni. Samstarfið á milli starfsstaðanna er mjög gott. Hér má sjá sameiginlega viðburði FÉLKÓ frá því á síðasta ári ásamt viðburðum Samfés sem voru fram að áramótum.





Viðburðir í samvinnu við skóla

Þeir viðburðir sem Jemen vinnur í samstarfi við skólann eru eins og er árshátíð, jólaball og verkefnið Öruggr saman. Undanfarin ár hefur Jemen lítið komið að skipulagningu árshátíðarinnar heldur einungis unnið þar á árshátíðinni sjálfri. Þessu vill forstöðumaður breyta og gera árshátíðina meira að samstarfsverkefni Lindaskóla og Jemen.

Viðburðir í samvinnu við Samfés

Samfés, landssamtök félagsmiðstöðva & ungmennahúsa, heldur úti viðburðum á landsvísu

[Hér má sjá dagskrá Samfés þetta starfsárið.](#)

DAGSKRÁ SAMFÉS 2024 - 2025	
SEPT24 11. - 12. SEPT. Starfsdagar Samfés	FEB25 14. - 15. FEB. Landsþing Samfés+
OKT24 4. - 6. OKT. Landsmót Samfés 14. - 18. OKT. Félagsmiðstöðva og ungmennahúsa vikan	MARS25 1. MARS Stíll hönnunarkeppni 14. - 15. MARS Rafíþróttamót Samfés og Elko
NÓV24 1. - 3. NÓV. Rafíþróttamót Samfés og Elko 22. NÓV. Rímnaflæði	APRÍL25 1. APRÍL Undankeppnum söngkeppni Samfés lýkur 2. APRÍL Skráning í söngkeppni Samfés hefst 9. - 10. APRÍL Aðalfundur Samfés
JAN25 10. JAN. Samfés-con 31. JAN. Danskeppni Samfés	MAÍ25 2. - 3. MAÍ SamFestingurinn

Sumaropnun félagsmiðstöðva

Jemen er með sumaropnanir í félagsmiðstöðinni á sumrin. Annarsvegar er boðið upp á sumarsmiðjur fyrir 10 til 13 ára börn og hins vegar dag- og kvöldopnanir fyrir unglinga. Starf fyrir unglinga síðastliðið sumar var í formi opins starfs, viðburða og sértæks starfs. Fjölbreyttir viðburðir voru í boði í sumar fyrir unglingana líkt og fyrri ár en var lögð áhersla á virkni og útiveru. Í boði var t.d. frísbíggj, sundferðir, vatnsstríð, útileikir, miðbæjarferð og sjóhopp á Akranesi ásamt vinsælum viðburðum líkt og brjóstsykursgerð ofl. Á sumrin er Jemen í samstarfi við vinnuskólann í Kópavogi. Unglingarnir geta fengið að mæta til okkar þegar opnun var í Jemen þegar þau voru í hádegishléi eða pásu. Unglingar



geta einnig sóst eftir að vinna í Jemen (sértækt starf) í stað þess að vera úti í beðið og hefur það samstarf gengið vel. Þeir nemendur fá þá greidd laun frá vinnuskólanum en mættu í Jemen hluta af sínu vinnutímabili, sumir jafnvel allt vinnutímabilið. Vinnan fór fram bæði í Jemen og utandyra. Ungmennni sem voru í vinnu í Jemen fengu tækifæri til þess að taka ábyrgð og að halda utan um smiðjur með því að aðstoða starfsfólk Jemen með framkvæmd og undribúning. Einnig var þeim gefin verkefni og þeim treyst til þess að leysa þau án pressu ef ekki skildi ganga eins og í sögu. Ef einhver treysti sér ekki í ákveðin verkefni þá var það rétt og reynt að koma til móts við þau ungmenni en enginn var þvingaður í verkefni. Á dagskrá þar sem farið var út úr húsi var reynt að hafa þroskandi viðburði sem ýtt gæti við þeim og komið þeim út fyrir sinn þæginda ramma. Aðstöðubreyting í Jemen kom sér einnig vel sem verkefni þar sem ungmenni hjálpuðu starfsfólki við að flytja, ganga frá, setja upp, skipuleggja og fara yfir búnað Jemen. Hugmyndir fyrir sumarstarfið næsta ár verða unnar í samráði við forstöðukonu sem þá verður komin til baka úr fæðingarorlofi.

Hópa- & klúbbastarf

Starfið í félagsmiðstöðinni er stöðugt að vinna eftir Heimsmarkmiðunum og Barnasáttmálanum alla daga í starfi og með því að þjálfa unglingana að vera lýðræðisleg þenkjandi, leyfa þeirra röddum að heyrast og hlusta á skoðanir þeirra. Starfsfólk Jemen leggur mikið uppá umhverfis og samgöngumál, lýðræði, málefni barna og fjölskyldna, loftlagsmál og lýðheilsu og þar sem starfið er rétt að byrja, stefnum við á að vinna markvisst og meðvitað með Heimsmarkmiðin í vetur ásamt því að forstöðumaður mun sitja fundi með skólastjórnendum varðandi innleiðingu Heimsmarkmiðanna í Lindaskóla. Þessi vinna fer fram í öllu okkar starfi en speglast einna helst í hópa- og klúbbastarfinu okkar. En opna starfið felur einnig í sér margskonar frístundastarf sem standa öllum unglingum til boða. Unglingar geta komið og nýtt aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar á opnunartíma hennar. Undir opna starfið fellur einnig formleg og óformleg fræðsla, viðburðir og styttri og lengri ferðir.

Klúbbastarf

Klúbbastarfsmenningin hefur ekki verið rík í Jemen undanfarin ár og margt hefur verið reynt til að vinna markvisst að virkni unglinganna þegar kemur að klúbbastarfi. Sú vinna mun halda áfram þetta árið. Það þarf að innleiða þessa menningu frekar og kynna krökkunum betur fyrir hvað klúbbastarf er og hvernig það virkar. Til þess að halda úti öflugum klúbbastarfi þarf að finna styrkleika/áhugasvið starfsfólks og vinna út frá því í tengslum við áhugasvið unglinganna. Þetta er vinna sem er í gangi og munum við reyna að halda úti einhverskonar klúbbastarfi á skólaárinu en nú þegar höfum við startað skincare klúbbi, sem á fyrsta hitting sló algjörlega í gegn, þar sem við erum svo heppin þetta árið að vera með förðunarfræðing innan starfsmannahópsins. Til þess að kynna klúbbafyrirkomulagið fyrir



unglingunum setur starfsfólkið klúbba reglulega á dagskránni en við erum alltaf að leita að hugmyndum frá unglingunum sjálfum að klúbbum sem rúlla allt skólaárið.

Sértækt hópastarf

Hópastarf gefur unglingum möguleika á að starfa í minni hópum að áhugatengdum verkefnum með aðstoð starfsmanns. Hópar geta einnig verið árgangahópar eða stelpu- og strákahópar þar sem dagskráin er fjölbreyttari og ekki miðuð við afmörkuð viðfangsefni. Í hópastarfi skapast persónulegri tengsl og tækifæri gefast fyrir beina og óbeina fræðslu ásamt umfjöllun um ýmis unglingatengd mállefni. Sértækt hópastarf er í grunnin hópastarf en þar eru unnið með eitthvað sértækt markmið, líkt og að efla unglingana félagslega og væri þá markhópurinn einna helst félagslega einangraðir unglingar. Í Jemen í ár eru ákveðnir hópar sem við í samstarfi við skólann ætlum að vinna með. Þar má til dæmis nefna strákahóp þar sem unnið verður með almenn samskipti og fræðslu um mörk gagnvart sjálfum sér og öðrum.

Félkó miðstöðin

Félkó miðstöðin er staðsett í Höfuðborginni, Fannborg 2. Í félkómiðstöðinni er af mörgu að taka. Þar er að finna listasmiðju með t.d. 3D prentara og saumavélum, einnig er þar rafíþróttaver og spilaherbergi ofl. Jemen hefur ekki verið nægilega duglegt að nota aðstöðuna en stefnir á að hefja notkun eftir áramót.

Dungens & Dragons klúbbur

Klúbburinn hittist reglulega yfir árið í félkó miðstöðunni og samanstendur hann af áhugasömum unglingum úr öllum félagsmiðstöðvum Kópavogsbæjar. Nokkrir unglingar úr Jemen hafa verið virkir í klúbbnum síðan um síðustu áramót.

Hinsegin félagsmiðstöð

Félagsmiðstöðin er stödd í félkó miðstöðinni og fer starfið fram annannhvern fimmtudag á mótí kvöldstarfi höfuðborgarinnar. Starfið er nýlega farið af stað aftur eftir sumarfrí. Hinsegin starfið verður keyrt áfram af fullum krafti núna næstu mánuði. Nokkur ungmenni frá Jemen hafa sótt starfið frá upphafi en enn er stór hópur sem ekki hefur treyst sér til að kíkja á opnun.

Velkomin

Velkomin verkefnið hefur verið samvinnuverkefni grunn- og frístundadeildar frá árinu 2018 og hefur verið unnið í samvinnu við vinnuskóla kópavogs yfir sumartímann. Börnum og unglingum með annað móturmál en íslensku boðið velkomin í Kópavog en velkomin snýst um að kynna fyrir börnunum bæjarfélagið og hvað það hefur uppá að bjóða. Þátttakendur Velkomin sumarið 2024 komu frá öllum



níu grunnskólum Kópavogs en á námskeiðinu er lögð rík áhersla á að þátttakendum líði vel, kynnist fjölbreyttri afþreyingu eftir áhuga hvers og eins og finni sig í öruggu nýju umhverfi.

Unglingaráð

Mikilvægt er að ýta undir lýðræði hjá unga fólkinu okkar og eru unglingaráð góð leið til þess. Í þessum ráðum fá unglingarnir rödd þar sem þau geta tjáð skoðanir sínar á hinum ýmsu málefnum og það er hlustað á þau.

Jemenráð

Í Jemenráði sitja 9 unglingar þetta árið, tveir úr 8.bekk, þrír úr 9.bekk og fjórir úr 10.bekk. Síðustu ár hefur verið mikil aðsókn í Jemenráð og er félagsmiðstöðin mjög heppin með áhuga hjá nemendum Lindaskóla fyrir ráðinu. Ýmis mál eru rædd á Jemenráðsfundum hverju sinni, framkvæmd og útfærsla viðburða ásamt þeim málefnum er snúa að unglingum hverju sinni. Þau sem sitja í Jemenráði eru hvött til að taka virkan þátt í öllu starfi Jemen og hvetja samnemendur til þátttöku. Einnig eru þeir sem sitja í Jemenráði minnt á að þau eru fyrirmyndir skólans og brot á reglum félagsmiðstöðvar/skóla/landslögum geta haft þær afleiðingar að viðkomandi verði látinn víkja úr Jemenráðinu. Fimm meðlimir Jemenráðsins fara síðan á landsmót Samfés þar sem einn Jemenráðsmeðlimur biður sig fram í Ungmennaráð Samfés.

Félkóraráð

Í Félkóraráði sitja átján unglingar, tveir úr hverri félagsmiðstöð. Félkóraráðið sér um að skipuleggja stóru viðburðina fyrir félagsmiðstöðvar Kópavogs, ákveða listamenn, hvaða þema á að vera og hvar á að halda viðburðinn og þar eftir götunum.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fulltrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fulltrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá ungmennahúsinu Molanum. Bæjarstjórn kysir svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við ungmennaráð Kópavogs. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna. Hulda Rakel Jónsdóttir er fulltrúi Jemen og Lindaskóla í ungmennaráði Kópavogs þetta skólaárið.



Ungmennaráð Samfés

Ungmennaráð Samfés er lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára alls staðar að af landinu. Kosningar í Ungmennaráð Samfés fara árlega fram á Landsmóti Samfés. Alls er kosið í 9 kjördæmum, þar sem 18 fulltrúar eru kosnir til tveggja ára og 9 fulltrúar til eins árs. Þannig eru fulltrúar ráðsins 27 talsins. Allir þátttakendur á Landsmóti hafa rétt til að bjóða sig fram í ungmennaráðið, hver fyrir sitt kjördæmi. Tvö ungmenni úr Kópavogi sitja í ráðinu annar er kjörinn til tveggja ára og hinn til eins árs. Tilgangur ungmennaráðs Samfés er að efla þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi, auka jafningjafræðslu. Að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu svo að ekki sé allt miðað við fullorðna. Að ungmenni hafi tengiliði á landsvísu til þess að ræða málefni sem snúa að þessum aldurshópi. Efla Evrópusamstarf við önnur ungmenni. Hafa áhrif á og vinna að viðburðum á vegum Samfés, og hafa áhrif á fjölmiðlaumfjöllun.

Samstarf við foreldra

Forstöðumaður er alltaf að vinna í því að byggja upp gott samstarf á milli félagsmiðstöðvarinnar, foreldraröltisins, foreldrafélagsins og fulltrúa fjáröflunarnefndar hjá 10.bekk. Forstöðumaður ásamt starfsfólki Jemen mætti á foreldrakynningar í byrjun skólaársins og fór stuttlega yfir starfið í Jemen og hvers má vænta yfir skólaárið. Dagskrá Jemen er send út mánaðarlega á foreldra annarsvegar fyrir miðstig og hinsvegar fyrir unglingana. Að auki er forstöðumaður duglegur að senda tölvupósta á foreldra með ýmsum upplýsingum yfir skólaárið. Forstöðumaður var einnig viðstaddur aðalfund foreldrafélagsins og var með stutta kynningu á starfinu og bauð upp á spjall og útskýringar.

Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir

Verkferlahandbók frístundadeildar

Í henni má finna verkferla fyrir; undirbúning viðburða, framkvæmd viðburða, ferðir (stuttar og langar), útivaktir, atvikaskráningu, einstaklingssamtöl, samskipti við foreldra, minniháttar hegðunarfrávik, alvarleg hegðunarfrávik, smávægilegir áverkar, alvarleg slys og tilkynningar til barnaverndar. <..\..\..\Verkferlar-Frístundadeild\Allir verkferlar - frístundadeild.pdf>

Neyðaráætlun

Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og er hún sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni. Neyðaráætlun félagsmiðstöðvanna er að finna hér: <..\..\..\Áætlanir, handbækur og gátlistar\Öryggisgátlistar og neyðaráætlun\Neyðaráætlun - viðbragðsáætlun.docx>



Móttaka nýrra starfsmanna

Farið er yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefnin, starfsmannahandbókina og fleira. Hér er að finna upplýsingar um það sem þarf að hafa í huga við móttöku nýrra starfsmanna: [..\..\..\Áætlanir, handbækur og gátlistar\Móttaka nýrra starfsmanna\ÁBYRGÐ STJÓRNENDA VIÐ MÓTTÖKU NÝRRAR STARFSMANNA.docx](#)

Öryggisgátlisti

Farið er yfir gátlista í upphafi starfsársins með öllum starfsmönnum. Gátlistann er að finna hér: [..\..\..\Áætlanir, handbækur og gátlistar\Öryggisgátlistar og neyðaráætlun\Gátlisti-öryggismál.docx](#)

Gátlistar í sértæku hópastarfi

Til eru nokkrir gátlistar sem hægt er að nýta sért í sértæku hópastarfi og eins sem gott er að fara yfir í upphafi starfsárs. Gátlisti er varðar hinsegin málefni væri góð nýjung í þennan annars góða gagnabanka. Hér er hægt að sjá hvar hægt er t.d. að finna eftirfarandi gátlista: gátlisti er varðar móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku. [..\..\..\Handbækur og gátlistar\gátlisti felagsmiðstod móttaka nemenda m annað móður en ísl.pdf](#). Gátlisti varðandi sértækt hópastarf [..\..\..\Áætlanir, handbækur og gátlistar\Gátlistar\Sértækt hópastarf - gátlisti.pdf](#)

Handbók um starfið

Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs. [..\..\..\Áætlanir, handbækur og gátlistar\Starfsmannahandbók\Starfsmannahandbók 2021 - 2022 endursk.docx](#)

Rýmingaráætlun

Forstöðumaður tekur þátt í rýmingaráæfingum í samstarfi við skóla og er með úthlutað hlutverk í þeim. Forstöðumaður viðurkennir að hann þarf að kynna sér þessi mál betur og er það komið á verkefnalista næsta mánaðar að fara yfir þetta með stjórnendum skólans

Ytra mat

Þjónustukannanir voru lagðar fyrir nemendur í 8.-10.bekk og foreldra þeirra. Bæði unglingar og foreldrar eru hvött til þess að svara þrátt fyrir að þau eða þeirra unglingar nýti sér ekki starf félagsmiðstöðvarinnar. Meðal þess sem var kannað var almennt mat á starfinu, aðstöðu, þátttöku og líðan í starfinu o.flr. Með því að leggja fyrir þessa kannanir viljum við meta ánægju með starf félagsmiðstöðvanna ásamt því að fá hugmyndir að tækifærum til umbóta.



Niðurstöður foreldrakönnunar hjá Jemen sýndu að 93.88% foreldra töldu sig fá nægar upplýsingar frá félagsmiðstöðinni þar sem 51.47% fékk helstu upplýsingar í tölvupósti og 25% í gegnum Abler.

Ánægja barna í félagsmiðstöðinni að mati foreldra var frekar mikil þar sem 18.18% gáfu einkunnina 8/10, 29.55% 9/10 og 27.27% 10/10. Og Var ánægja foreldra í heild mjög góð þar sem 23.40% gáfu 8/10, 21.28% 9/10 og 31.91% 10/10.

Traust barna til starfsfólks að mati foreldra var einnig mjög gott þar sem 71,46% foreldra töldu unglinga geta leitað til starfsfólks Jemen ef eitthvað kæmi upp á.

Fjölbreytileiki í starfi Jemen var góður þar sem 73,33% voru frekar sammála eða mjög sammála því að starfið höfðaði til ólíkra áhugasviða unglinganna.

Nokkuð vantaði upp á að foreldrar þekktu til aðstöðu Jemen þar sem 40,82% þekktu ekki til.

Innra mat

Nokkur töl eru notuð við innra mat félagsmiðstöðvarinnar. Það er þá helst í samtölum forstöðumanns við starfsfólk og samtölum starfsfólks við unglinga. Bæði í óformlegum ígrundunum á fundum og eftir vakt eða í formlegri starfsmannasamtölum. Nemendaráðsfundir og óformlegt spjall við unglingana gefur okkur góða hugmynd um það hvernig starfið gengur og hvað mætti betur fara. Fjöldatölurnar gefa okkur svo ákveðna mynd af því hvernig mætingin er en er ekki besta leiðin til þess að mæla gæði starfsins. Fjöldatölurnar nýtast hinsvegar vel til þess að kortleggja unglingahópinn og sjá hverjir eru ekki að mæta og hvernig væri hægt að virkja þá unglinga. Í haust hefur verið mjög góð mæting hjá 8.bekk og 10.bekk. Fín mæting er hjá 9. bekk en mætti vera töluvert betri og verður það markmið næstu mánaða að koma þeim betur inn í starfið. Síðasta sumar var farið af stað með könnun meðal þátttakenda í opna starfinu sem og í sértæka hópastarfinu.

Umbótaáætlun

Út frá niðurstöðum foreldrakönnunar teljum við að hægt sé að kynna betur aðstöðu Jemen fyrir foreldrum og ætlum við að kynna starfið fyrir foreldrum í Lindaskóla með opnum kvöldum fyrir foreldra. Einnig viljum við vinna í að auka ánægju barna í starfi Jemen og fjölbreytileika viðburða og ætlum við að vinna náið með Jemenráði í því að setja upp viðburði sem nær sem flestum ólíkum áhugasviðum inn til okkar. Við munum kynna starf Jemen enn betur fyrir ungmönnum með því að kynna starfið oft og mikið í bekkjum og tryggja góð samskipti við kennara og fá kennara til að minna á opnanir Jemen.



Símenntunaráætlun 2023-2024

Starfsfólki fór á starfsdaga SAMFÉS í september og sóttu þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu. Forstöðumaður ásamt starfsmanni í herra hlutfalli fór nýverið á fræðslu hjá UNICEF um réttindaskólann, sem mun koma að góðu gagni í þeirri vinnu sem er framundan þar. Reglulega eru haldnar starfsmannafræðslur sem allir starfsmenn félagsmiðstöðva Kópavogs mæta á. Þessar fræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni. Hér má sjá skipulagið:

Skipulag fræðslu á vegum frístundaeildar 2024-2025



Dagsetning:	Heiti og lýsing	Stutt lýsing	Staðsetning:	Umsjón/Leiðbeinandi:
21. ágúst Kl 17.00-22.00	Velkomin til starfa! Kennsla fyrir starfsmenn	Nýliðafræðsla og kynning á helstu þáttum í starfi félagsmiðstöðva.	Smáraskóli	Verkefnastjóri frístundaeildar og forstöðu-/aðstoðarforstöðumenn félagsmiðstöðva
23.ágúst Kl. 17.00-20.00	Velkomin til starfa! Hinsegin fræðsla	Hinsegin fræðsla og hópefli fyrir starfsmenn.	Gufunesbær	Verkefnastjóri frístundaeildar og Hrefna Þórarinsd. – forstöðukona hinsegin félagsmiðstöðvar
11.-12. september	Starfsdagar Samfés	Stjórnendur Félkó sækja þar fjölbreytta fyrirlestra og málstofur.	Varmaland	Samfés – Ýmsir fyrirlesarar.
14. október Kl. 17.00-19.00	Fokk me Fokk you og Samfélagslögreglan	Birtingarmynd ofbeldismenningar meðal barna&unglinga	Þeba	Andrea Marel, Kári Sigurðsson og Unnar Þór Bjarnason
11.nóvember kl. 17.00-18.30	Verkfæra­kistu­dagur	Fyrir starfsfólk frístundaeildar. Lærum hvert af öðru, verklegt.		Forstöðumenn skipta með sér smiðjum
2.desember kl. 17.00-18.30	Spilavinir	Kynning á spilum sem henta vel í félagsmiðstöðvastarf	Fö­nix	Spilavinir
10.janúar kl. 17.00-19.00	Samfés-Con			Samfés
3. og 5.febrúar kl. 17.00-22.00	Vika 6	Kynfræðsla fyrir unglinga	Allar starfsstöðvar	Áslaug – verkefnastjóri Frístundaeildar
3.mars kl. 17.00-19.00	Verkfæra­kistu­dagur.	Kynningar á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og fl.	Félkó-miðstöðin	Allir starfsmenn
Mars	Fræðsluferð	Fókus á vettvangsstarf	Sundsvall Svíþjóð	
14.apríl	Sjúkást	Fræðsla frá Stígamótum fyrir alla starfsmenn		Stígamót

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

